

Hafnarfirði 07.06.2017

Kæri viðtakandi

Tílefni þessa bréfs er ófrágengin lóð að Skipalóni 3 sem er í eigu Skipalóns 7, ehf.

Ég undirritaður Helgi Gunnarsson, f.h. stjórnar húsfélagsins að Skipalóni 5, 200 Hafnarfirði hef tekið að mér að senda yður fyrirspurn varðandi framkvæmdir á lóðinni að Skipalóni 3.


Á sínum tíma samþykktu stjórnir beggja húsfélaganna að Skipalóni 1 og 5 breytingu á deiliskipulagi þar sem að reisa skyldi 6 íbúða fjölbýlishús nyrst á lóðinni. Ekkert hefur hins vegar bólað á fyrirhuguðum byggjarframkvæmdum og er það því tílefni þessa bréfs hvort að enn eitt sumarið líði og ekkert verði gert í þessum lóðamálum. Lóðin Skipalón 3 er í dag lýti í annars grónu og fallegu umhverfi og er okkur íbúum sem hér búum til mikilla ama og eigendum lóðarinnar að Skipalóni 3 til minnkunar að ekkert sé gert til að bæta ástandið.

Íbúar í næsta nágrenni við Skipalón 3 eru því orðnir langþreyttir á moldroki frá lóðinni og ruslagangi.

Því er það spurning okkar hvort og þá hvenær framkvæmdir hefjist á lóðinni að Skipalóni 3 eða ætla lóðareigendur að skila lóðinni aftur til Hafnafjarðarbæjar ef það er möguleiki?

Með ósk um skriflegt svar.


Virðingarfyllst,



Helgi Gunnarsson, Skipalóni 7

Sent til: Skipalón 7 ehf. Melabraut 29, 220 Hafnarfirði

Byggingarfulltrúi Hafnafjarðarbæjar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði

	Hafnafjarðarbær
Innk:	8.6.2017
Málsnr:	1706394
Bréfal:	521.1